

Alþingi
Erindi nr. P 133/90
komudagur 9.11.2006

Reykjavík, 8. nóvember 2006

Umsögn Málvísindastofnunar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Málvísindastofnun Háskóla Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þar sem rekstur hljómsveitarinnar tengist ekki verksviði Málvísindastofnunar telur stjórn stofnunarinnar sig ekki hafa forsendur til að fjalla um málið.

Umsögn Málvísindastofnunar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf.

Málvísindastofnun Háskóla Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Málvísindastofnun sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en því að ítreka þær athugasemdir sem hún gerði við fyrri gerð frumvarpsins:

Mjög mikilvægt er að hlutur innlends dagskrárefnis í útvarpi og sjónvarpi sé sem mestur og að til þess efnis sé vandað sem verða má. Málvísindastofnun telur að mikilvægi innlends dagskrárefnis og innlendarar dagskrárgerðar fyrir íslenska tungu verði seint ofmetið. Því er mikilvægt að kveðið sé á um þetta atriði í útvarpslögum.

Í 6. grein frumvarpsins stendur: „Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins ohf., skal **jafnan** fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni.“ Málvísindastofnun lýsir áhyggjum yfir orðinu „jafnan“ í þessari málsgrein og kysi heldur að það væri bundið í lögum að erlendu efni skuli **ætið** fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku nema þegar það er ógerlegt, t.d. þegar sýnt er beint frá atburðum.

F.h. Málvísindastofnunar,

Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður